

Rangárþing ytra

Skipulags- og umferðarnefnd

Suðurlandsvegur 1

Afrit: Skipulagsstofnun

Reykjavík, 25. júlí 2024

Jarlsstaðir. Deiliskipulag frístundasvæði mál.2002008

Landvernd hefur kynnt sér efni aðalskipulagsbreytingu á svæðinu og meðfylgjandi deiliskipulagstillögu undir frístundabyggð. Ljóst er að framkvæmdin í heild sinni samkvæmt fremur nýlegu aðalskipulagi er umfangsmikil á viðkvæmu landi sem hefur umtalsvert verndargildi og ekki hefur verið sýnt fram á að ríkir almannahagsmunir réttlæti viðkomandi framkvæmdir. Landvernd minnir á að fara þarf að náttúruverndarlögum vegna verndunar jarðminja, (núttímahraun) svo og að þarna er líka litríkt fuglalíf sumpart fágætra tegunda og mikilvægra búsvæða þeirra sbr. straumandar og fleiri mikilvægra fuglastofna sem innlendir mikilsvirtir fuglafræðingar hafa staðfest á fyrri stigum með athugasemdum sínum t.d. Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur f.h. Fuglarverndarfélag Íslands að hafa skipt verulegu máli. Auk þess hefur Kristinn Haukur Skarphéðinsson hjá Ní lagt út frá mikilvægi þessa svæðis fyrir nokkrar fágætar tegundir sem nú er ógnað með fyrirliggjandi áformum. Sömu fuglafræðingar hafa endurtekið óskað eftir því að fram fari miklu ítarlegri rannsóknir á fuglalífi á þessu svæði og samspili þess við Rangá. Skipulagsstofnun er hvött til að láta fara fram mun nánari rannsóknir áður en uppbygging verði samþykkt á þessu viðkvæma svæði og um leið er skipulagsstofnun hvött til að hafna alfarið enn frekari ágengni með þeirri tillögu sem hér liggur frammi sem nágrannar og aðrir hagsmunaaðilar hafa mótmælt harðlega.

Í heild sinni er að ræða 50 ha svæði undir frístundabyggð fyrir um 35 lóðir en með fyrirliggjandi deiliskipulagi er að auki gerð tillaga um breytingu í aðal- og deiliskipulagi sem leiðir til enn frekari stækkunar á samþykktu aðalskipulagi sem hefur mætt andstöðu annarra hagsmunaaðila. Svo virðist í lýsingu með uppdrætti í ljósi skilgreiningar stærðarmarka húsa að ekki sé hugað mikið að samræmi eða látleysi við mannvirkjagerð og eða virðingu fyrir umhverfi. Heimilt að reista allt að 35 stk 500 ferm.húsnæði innan lóðamarka þar sem allt að 100 ferm bílskúsréttar er að auki. Hér verður því ekki annað séð en að álit Landverndar en orðin "látleysi"eigi tæpast við í skipulagslýsingu heldur megi segja að um hreinar íbúðabyggingar séu að ræða sem skipulagsstofnun þarf að kanna nánar.

Fyrir liggur að leitað hefur verið til Landverndar vegna áforma um deiluskipulagið og samkvæmt eftirgrennslan verður ekki séð að sveitarfélagið Rangárþing ytra hafi tekið málið ábyrgum stjórnarsýslulegum tókum þar sem náttúran og umhverfið hafi verið vegin og metin að verðleikum með hliðsjón að verkefninu. Ekki verður séð í ljósi athugasemda á fyrri stigum að verkefnið hafi fengið vandaða málsmeðferð – þar sem hvorki náttúruverndarnefnd sveitarfélagsins hafi ekki bókað um stöðu sína til málsins sem þeim þó ber og eða skipulagsnefnd hafi fjallað um málið á faglegum nótum.

Til áréttingar óskar Landvernd eftir því við sveitarfélagið Rangárþing ytra að það vinni lögum samkvæmt með þá stjórnarsýslulegu þætti sem þeim ber að vinna með í þágu umhverfis og náttúru og virði hvernig skal

haga verkferlum með umfjöllun lögbundinna fagnefnda áður en kemur til afgreiðslu æðstu stjórnýslu sveitarfélaga.

„9. gr. Varúðarregla.

[Þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laga þessara, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum.] ³¹ Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.

14. gr. Náttúruverndarnefndir.

Á vegum hvers sveitarfélags starfar þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd sem sveitarstjórn kys til fjögurra ára í senn, sbr. þó 3. mgr. [37. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011](#). Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna. Sveitarstjórn velur jafnframt formann og setur nefndinni erindisbréf. Varamenn skulu kosnir með sama hætti. Sveitarstjórnir greiða kostnað sem hlýst af störfum náttúruverndarnefnda nema öðruvísi sé ákveðið. Umhverfisstofnun skal tilkynnt eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar um kjör í náttúruverndarnefndir. Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um starfrækslu náttúruverndarnefnda. Náttúruverndarnefndir skulu vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Skulu þær stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna, og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar. Náttúruverndarnefndir skulu leita aðstoðar og ráðgjafar Umhverfisstofnunar þegar ástæða er til. Stofnunin, fulltrúar náttúruverndarnefnda og forstöðumenn náttúrustofa skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári. Náttúruverndarnefndir skulu veita Umhverfisstofnun yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs“

Landvernd varar við að gengið sé óvarlega fram í áætlanagerð af hálfu sveitarfélaga án þess að hafa látið fara fram nauðsynlegar rannsóknir og eða mælingar á neikvæðum áhrifum og hugsanlega óafturkræfum náttúruspjöllum á viðkvæmt land og dýralíf. Landvernd óskar þess að Skipulagsstofnun grípi inn í málið á grunni réttmætrar andstöðu vegna brota á lögum um náttúruvernd. Jafn stórtækar framkvæmdir vegna sumarhúsabyggðar á bökkum Rangár ættu undantekningalaust, í ljósi margvíslegra umhverfispátta, að lúta ströngustu kröfum um umhverfismat.

Með vinsemd og virðingu

Þorgerður María Þorbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Landverndar